

Nr. 042 / 10 Birta VE 8**Ásigling í höfn**

Skipaskr.nr. 1430
Smíðaður: Akureyri 1975, eik
Stærð: 28,8 brl. 27 bt.
Mesta lengd: 17,47 m Skráð lengd: 15,72 m
Breidd: 4,3 m Dýpt: 2,02 m
Vél: Volvo Penta 220 kW, 1989
Fjöldi skipverja: 3



Birta©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. mars 2010 var Birta VE 8 að koma til hafnar í Keflavík úr netaróðri. Veður: Logn.

Skipstjórinn ætlaði að leggja bátnum innan á vestari bryggjuna en við það biluðu stjórnstæki þannig að í stað þess að bakka jókst inngjöfin og þar með ferðin áfram. Stefni bátsins lenti harkalega á bryggjunni með þeim afleiðingum að umtalsverðar skemmdir urðu á því. Við athugun í vélarúmi sást að splitti í teini á enda gírþarfa við skiptisveif gírsins hafði dottið úr og var hann því laus úr sveifinni.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri taldi að splittið hafi sennilega ryðgað niður og því ekki haldið þessu saman. Hann sagði að það ryðgaði allt í svona bátum með tímanum og því ætti þessi búnaður að vera úr ryðfrú efni.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.